

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 251 31. des. 1965 um breytingu á reglugerð Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.****1. gr.**

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

8. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá vatnsveitunni, skal greiða tengigjald kr. 23.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 15.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

10. gr. reglugerðarinnar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverri fasteign, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins skal greiða árlega vatnsskatt til vatnsveitunnar.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94 20. maí 1976.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.13% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 27.00 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 19.00 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð vatnsskattsins aldrei vera hærri en svarar kr. 34.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er.

Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki vatnsskattur.

Lágmarksupphæð vatnsskatts, fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 3 700.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatvirkingu, og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt samþykktum uppdráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Krónutölur í 8. og 10. gr. eru miðaðar við fasteignamat það, sem tók gildi 31. des. 1976 og breytast með sama hætti og það einu sinni á ári í samræmi við framreikningsstuðla fasteignamats ríkisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 13. janúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.